

Knattspyrnumótin 2021

Minnislisti við yfirlestur leikja



Meðfylgjandi í viðhengi er minnislisti sem starfsmenn félaga eru beðnir um aðhafa til hliðsjónar við yfirlestur. Þetta er að sjálfsögðu ekki tæmandi listi:

- ✓ **Er réttur fjöldi liða skráður til leiks?**
Vefur KSÍ: Mót/Þátttaka félags
- ✓ **Eru árekstrar á heimavelli? Komast allir leikirnir fyrir?**
Vefur KSÍ: Mót/Leikir félaga (hægt að flokka eftir völlum – fjórum völlum í einu)
Tryggja þarf aðkomu vallarstjóra við yfirlesturs leikja á heimavelli.
- ✓ **Eru árekstrar milli leikja yngri flokka og meistaraflokks á viðkomandi svæði?**
Vefur KSÍ: Mót/Leikir félaga
- ✓ **Er heiti sameiginlegra félaga rétt skráð?**
Sameiginleg félög þurfa að ákveða á hvaða völlum viðkomandi félag einstakir leikir fara fram. Nauðsynlegt er að hafa leikvöllina rétt skráða á vef KSÍ til að forðast óþarfa óþægindi.
- ✓ **Ferðatilhögun í útileiki, passa tímasetningar t.d. við flug, siglingu eða akstur?**
- ✓ **Utanferðir félaga.** Er leikið meðan viðkomandi flokkur er erlendis?
- ✓ **Eru árekstrar við staðbundna viðburði t.d. bæjarhátíðir?**
- ✓ **Samsett leit.** Á vef KSÍ undir: - Mót/Leikir félaga- er hægt að kalla fram fjóra mismunandi leitarmöguleika. Gott er að nýta þessa leitarmöguleika t.d. þegar verið er að lesa yfir heimaleiki sem leiknir eru á mismunandi leikvöllum.

Verkefni landsliða

- ✓ A-landslið karla leikur útileiki 4. og 8. júní. Leikur svo þrjú heimaleiki dagana 2., 5. og 8. september.
- ✓ A landslið kvenna mun leika í landsleikjahléunum 7. -15. júní og 13. – 21. september.
- ✓ U21 landslið karla leikur í landsleikjahléunum 31. maí – 9. júní og 30. ágúst – 8. september.
- ✓ U19 landslið kvenna leikur væntanlega í landsleikjahléunum 7. -15. júní og 13. – 21. september.

Verkefni yngri landsliða eru í mótun. Gert er ráð fyrir að Norðurlandamót U16 kvenna verði í byrjun júlí og Norðurlandamót U16 karla verði í byrjun ágúst.

Æfingar verða hjá U15 landsliði karla 14. – 17. júní og U15 landsliði kvenna 21. – 24. júní.

Mjög mikilvægt er að allar óskir/athugasemdir komi í **einu lagi frá hverju félagi** en ekki frá einstökum þjálfurum því borið hefur á því að þjálfarar einstakra flokka hafa lagt fram óskir um breytingar á leikjum sem stangast á við aðra viðburði hjá viðkomandi félagi. Óskir um breytingar skulu vera **skýrar og flokkaðar eftir hverjum aldursflokki** fyrir sig.

Athugasemdum ber að skila í síðasta lagi **miðvikudaginn 10. mars á netfangið birkir@ksi.is**
Vinsamlegast virðið ofangreindan frest svo að vinna við skipulagningu mótanna teffjist ekki.

Mótanefnd KSÍ